

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2009.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja (4. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að fjármálaráðherra verði falið að framkvæma nauðsynlegar afskriftir af lánnum heimila og rekstrarfyrirtækja.

Fagna ber allri viðleitni til að styðja við heimilin og fyrirtækin í landinu í núverandi árferði. Efnahagsreikningar íslenskra heimila hafa orðið fyrir miklu hnjaski og er eiginfjárstaðan í mörgum tilfellum neikvæð, oft sem miklu nemur. Í þessum tilfellum getur fjármagnskostnaður orðið fólki og fyrirtækjum um megn, jafnvel þótt sterkt tekjuflæði sé til staðar. Að sama skapi getur dregið verulega úr greiðsluvilja sjái viðkomandi heimili ekki fyrir sér að komast nokkru sinni úr því skuldafeni sem þau standa í. Hjá ýmsum öðrum heimilum hefur framfærslan horfið í kjölfar atvinnumissis og því reynist þeim erfitt að greiða af lánnum jafnvel þó eiginfjárstaðan sé jákvæð. Hjá þessum hópi ætti í flestum tilfellum frestunarræði líkt og frýsting eða lækkun afborga að duga til. Að lokum eru ýmis heimili sem tilheyra báðum hópunum.

Til að mæta þessum vanda kynnti félagsmálaráðherra snemma í október tiltekna aðgerðir, bæði almennar og sértækar. Að mati Viðskiptaráðs verður ekki annað séð en þær feli í sér skynsamlega lausn á erfiðu viðfangsefni. Þessum aðgerðum er hins vegar helst hægt að finna það til vansa að einstaklingum gæti reynst erfitt að verðmeta slík skuldabréf við fasteignasölu og því ekki ljóst hvort mögulegt sé fyrir mjög skuldsett heimili að selja eignir sínar. Eins er fyrirsjáanleikinn ekki mikill þar sem einhliða breytingar gætu verið gerðar á fyrirkomulagi endurgreiðslu nema ný skuldabréf verði gefin út.

Þrátt fyrir að alhliða niðurskrift skulda hefði í för með sér nokkra kosti umfram ofangreindar aðgerðir, sér í lagi í formi aukins vinnusparnaðar og gegnsæis, þá stendur eftir að kostnaður þeim tengdur yrði að stórum hluta borinn af ríkissjóði. Um þetta var m.a. fjallað í [niðurstöðum](#) starfshóps Seðlabankans um skuldir heimilanna, dags. 27.3.2009, þar sem bankinn taldi að 20% flöt niðurskrift húsnæðisskulda mynda kosta um 285 ma. kr. Að mati bankans leyfði fjárhagsstaða hins opinbera ekki svo mikla tilfærslu skulda yfir á hið opinbera, hvorki beint né í gegnum frekari endurfjármögnun bankakerfisins. Yrði því að fjármagna alhliða niðurskrift að miklu leyti með skattahækkunum eða niðurskurði útgjalda. Þar sem nóg er nú þegar af væntanlegum skattahækkunum þá stæði það uppá stjórnvöld að skera niður útgjöld sem nema um tvöföldum heildarútgjöldum til heilbrigðismála árið 2008. Líkt og fyrirliiggjandi niðurskurður

opinberra útgjalda ber með sér þá væri niðurskurður af þessari stærðargráðu ómögulegur. Að þessu leyti standa áður nefndar aðgerðir alhliða niðurskrift skulda framar.

Um leið og ráðið vill vekja máls á ofangreindum annmarka alhliða niðurskriftar skulda þá hvetur ráðið til þess að framkvæmdarvaldið og Alþingi vinni markvisst að því að styðja við heimilin og fyrirtækin í landinu. Þar verða að koma til skoðunar almennar aðgerðir til handa íslenskum fyrirtækjum, nú þegar aðgerðir fyrir heimilin hafa verið kynntar. Í þessu felst að tekið verði á skuldavanda fyrirtækja með markvissari hætti en hingað til þar sem samkvæmni, festa og heiðarleiki verður haft að leiðarljósi. Mörg þeirra fyrirtækja sem nú standa illa eru mun frekar fórnarlömb ytri aðstæðna en óskynsemi í rekstri, rétt eins og heimilin í landinu. Ávinningur þess að virkja atvinnulífið á nýjan leik er slíkur að ekki má við frekari töfum. Þessi vinna ætti að fara fram í nánú samstarfi við innlendar fjármálastofnanir sem og aðra hagsmunaaðila.

Viðskiptaráð leggur áherslu á að hvaða leiðir sem farnar verða í þessum efnum verði þjóðhagslegir hagsmunir hafði í fyrirrúmi.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki óbreytt fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs